

Háskóli Íslands Jarðvísindastofnun - Askja  
Sturlugötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 17. ágúst 2017  
UST201707-159/S.P.  
09.07.01

### Faranleyfi til Surtseyjar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Magnúsar Tuma Guðmundssonar, dags. 17. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir faranleyfi til Surtseyjar fyrir þrjá aðila í tengslum við borun tveggja rannsóknarborhola í Surtsey.


Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótnun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

#### Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða verkefni sem stofnuninn veitti leyfi fyrir þann 14. júlí síðastliðinn. Boraðar verða tvær rannsóknarborholur í eyjunni. Faranleyfi vegna undirbúnings og framkvæmdar borunarár voru veitt þann 21. júlí 2017. Þeir aðilar sem óskað er eftir faranleyfi fyrir nú eru aðilar sem vantaði inn á lista umsækjanda í upprunalegri umsókn um faranleyfi.

#### Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leytí umrædda ferð með með eftirsarandi skilyrðum:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila á tímabilinu 18-24. ágúst 2017:
  - Beau Marshall, bormaður
  - Matthew Lyon, bormaður
  - Erica Massey, jarðfræðingur
  - Amel Barich, jarðfræðingur
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.

  
Sigrún Ágústsdóttir  
sviðssjóri

Virðingarfyllst

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur